

Ed.

69. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Alexander Stefánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Hilmar Rósmundsson.

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað, eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri bifreið má þó ekki nema meiru en 450 þúsund krónum, að viðbættri lækkun á innflutningsgjöldum, þannig að heildarlækkun verði ekki lægri fjárhæð en 1 milljón króna á bifreið.

Þá skal heimilt að fella algjörlega niður gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Niðurfelling gildir einnig fyrir talstöðvar í þessar 25 bifreiðar.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar og

skipaðir skv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella algjörlega niður fyrir framangreint fólk öll gjöld, þ. m. t. söluskatt, af innfluttum gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkvæmt læknisvottorði og henta ekki öðru fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málefni öryrkja og annarra, er orðið hafa fyrir áföllum í þjóðfélagi okkar, hafa verið mikið til umræðu að undanfögnu, og er það vel. Bæði er að samtök öryrkja hafa eflst og unnið ótullega að því að vekja athygli á stöðu öryrkja og nauðsyn þess að samfélagið veiti lið í lífsbaráttu þeirra svo og að fjölmíðlar hafa tekið þessum umræðum jákvætt og komið á framfæri á eftirminnilegan hátt, hversu margt er ógert í dag til að hjálpa þessu fólk og um leið að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis mikilvæg störf.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfilamaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. — Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja, en brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum, fyrst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólk greiðan aðgang. Má vera að þörf sé á sérstakri reglugerð um þetta atriði og að gera skipulagt átak í þessu skyni við gerð fjárlaga ríkis og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Þetta frumvarp til laga um breytingu á tollalögum er lagt fram til að reyna að lagfæra hluta af vandamálum fatlaðs fólks. Samþykkt þess mun koma að miklu gagni, enda í fullu samræmi við ákveðnar óskir Öryrkjabandalags Íslands og Sjálfshjargar, landssambands fatlaðra.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hækkar fjölda bifreiða til öryrkja, sem njóta eiga eftirgjafar tolla og aðflutningsgjalda, úr 350 í 500 bifreiðar á ári. Lækkun næmi 1 milljón kr. á bifreið í stað 500 þús. kr., eins og nú er. Enn fremur verði algjörlega felld niður gjöld á 25 bifreiðum til þeirra sem mestir eru öryrkjar, en geta ekið sérstaklega útbúnum bifreiðum. Í núgildandi lögum er niðurfelling á þessar sérstöku bifreiðar 1 milljón. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að heimilt verði að fella niður aðflutningsgjöld af talstöðvum í þessar 25 bifreiðar, sem brýn nauðsyn er talin á að sé í þeim.

Upplýst er, að fjármálaráðuneytið hefur með bréfi dags. 2. maí 1978 til tollstjórans í Reykjavík ákveðið að eigi skuli greiða söluskatt af þeim hluta aðflutningsgjalda af innfluttum bifreiðum fyrir öryrkja, sem felldur er niður við tollafgreiðslu samkv. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Tekur skipan þessi gildi 1. janúar 1979. Er þetta einnig mjög mikilvægur stuðningur við öryrkja.

Þá er í frumvarpinu kveðið sterkar á um heimild til að fella algjörlega niður fyrir fatlað fólk öll gjöld, þ. m. t. söluskatt af tolli af innfluttum gervilimum, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólk.

Skipan úthlutunarnefndar helst óbreytt, enda vel fyrir séð, þar sem í nefndinni eru tveir læknar eftir tilnefningu Öryrkjabandalagsins.